

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2022
UST202211-004/B.S.
10.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku - Sandhalanáma í Faxalóa. Umsögn

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Nú er sótt um leyfi til að taka 3.946.000 m³ úr námunni. Orkustofnun gaf leyfi til að taka 4.000.000 m³ í Sandhalanámu til 1. júlí 2009 sem síðar var framlengt til 29. júní 2021 en á leyfistímanum voru einungis 54.000 m³ teknir úr námunni og er því nú sótt um leyfi til að taka það magn sem eftir er og gert var ráð fyrir í upphaflegu leyfi.

Við mat á umhverfisáhrifum 2008-2009 kom fram að efnistakan muni mögulega hafa áhrif á aðra nýtingu á þessu svæði. Einnig komu fram ábendingar frá Hafrannsóknarstofnun varðandi lífríki á efnistökusvæðunum.

Í álitni Skipulagsstofnunar dags. 8. apríl 2009 segir m.a.: „*Skipulagsstofnun telur að setja eigi eftirfarandi skilyrði fyrir leyfi til efnistöku:*

Gerð verði rannsókn á samspili efnistöku og dragnótaveiða m.t.t. botngerðar og setflutninga.

Gerð verði rannsókn á lífríki í sunnanverðum Faxaflóa, sem miði að því að skýra vistfræðilegt gildi efnistökusvæða fyrir dýrastofna, m.a. síli og flatfiska.“

Umhverfisstofnun telur að afla ætti gagna um þessi atriði áður en leyfi verður gefið til efnistöku í Sandhalanámu.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur